

SKOGARVÖRÐURINN A NORDURLANDI

STARFSSKYRSLA FYRIR ARID 1987.

Sigurður Skúlason

1. V E Ð U R F A R A R S I N S .

1.1. Tíðarfarsyfirlit.

I janúar var suðlæg og suðvestlæg átt tíðust. Hámarkshiti mældist 8.2 stig þann 22. janúar, lágmark mældist -13.8 stig þann 1. s.m. Meðalsnjódýpt var 58 cm. mest 67 cm. í byrjun mánaðarins. Övenju mikil svell voru um miðjan mánuðinn sérstaklega á tónum.

I febrúar var austlæg, suðaustlæg og sunnanátt tíðust. Hámarkshiti mældist 7.2 stig þann 19. febrúar en lágmark -19.1 stig þann 15. s.m. Meðalsnjódýpt var 47 cm. mest 55 cm. þann 21. febrúar.

I mars var suðlæg átt tíðust. Hámarkshiti mældist 7.9 stig þann 11. mars en lágmark -20.1 stig þann 19. mars. Meðalsnjódýpt var 31 cm. mest 45 cm. í byrjun mánaðarins.

I apríl voru sunnan og suðvestan áttir tíðastar. Hámarkshiti var 12.7 stig þann 23. apríl en lágmark -9.6 stig þann 4. s.m. Meðalsnjódýpt var 40 cm. mest 94 cm. 2. apríl.

I maí voru suð- og vestlægar áttir algengastar. Hámarkshiti var 23.1 stig þann 26. maí en lágmark var -3.7 stig þann 2. maí. Frost mældist 10 sinnum á lágmarksmæli við jörð í maí. Brum á lerki byrjaði að þrútna þann 6. maí Lerki orðið algrænt þann 22. maí. Birki byrjaði að litkast þann 20. maí. Birkiskógur allaufgaður þann 24. maí.

I júní voru vestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 18 stig þann 13. júní en lágmarkshiti 1.5 stig dagana 6. og 12. júní. Frost mældist 3svar sinnum á lágmarksmæli við jörð í júní.

I júlí voru breytilegar áttir, þó norðaustanátt tíðust. Hámarkshiti var 21.7 stig þann 12. júlí en lágmark 2.0 stig þann 9. júlí. Sláttur hófst 9. júlí. Þann 13. júlí var mikið mistur vegna moldroks af öræfum.

I ágúst ríktu austlægar og norðlægar áttir. Hámarkshiti var 20.4 stig þann 11. ágúst en lágmark var 0.4 stig þann 31. ágúst. Frost mældist 5 sinnum á lágmarksmæli við jörð í ágúst. Þann 12. ágúst fór að sjást sölnun á birkiskógi.

I september voru norðlægar og austlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 14.4 stig þann 29. september en lágmarkshiti var -1.2 stig þann 15. september. Frost mældist 8 sinnum á lágmarksmæli við jörð í september. Þann 3. september var lauffall aðeins byrjað á birki og þann 10. sept. var birkiskógur svo til orðinn gulur og þann 29. sept. var birkiskógur svo til lauflaus. Lerki orðir gulnað þann 28. sept.

I október var breytileg átt, en þó bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti var 11.9 stig þann 4. okt. en lágmark var -9.8 stig þann 29. okt. Frost var mest á lágmarksmæli við jörð þann 29. okt. -11.4 stig. Allt lauf var fallið af birki þann 4. okt. Snjór mældist frá 7. okt. Mesta snjódýpt mældist 9. og 10. okt. 38 cm. Meðalsnjódýpt í október var 22 cm.

I Nóvember voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist þann 5. nóvember 11.4 stig en lágmark mældist þann 14. nóvember -7.8 stig. Snjódýpt mældist mest 21 cm. 1. og 2. nóvember. Snjór mældist ekki 10 daga í nóvember. Meðalsnjódýpt í nóvember var 4.5 cm.

I desember voru suðlægar áttir mest ríkjandi, sunnan, suðaustan og suðvestan. Hámarkshiti mældist 9. desember 9.8 stig en lágmarkshiti mældist 26. desember -15.4 stig. Meðalsnjódýpt mældist 8.6 cm. mest 27 cm. þann 29. desember. Snjór mældist ekki í 8 daga í desember.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1987.

	Meðalhiti C ⁰		Úrkoma mm.	
Janúar	0.55	(-3.1)	8.5	(110.5)
Febrúar	-2.67	(-3.2)	43.6	(68.5)
Mars	-1.63	(-1.0)	33.5	(69.5)
Apríl	2.18	(0.7)	56.6	(70.2)
Maf	7.34	(2.2)	5.3	(52.6)
Júní	8.77	(10.3)	30.6	(26.7)
Júlí	11.06	(9.5)	56.0	(29.4)
Agúst	9.03	(8.7)	14.7	(9.8)
September	5.53	(4.3)	99.7	(26.7)
Október	0.20	(0.3)	118.2	(55.6)
Nóvember	2.44	(-2.5)	53.7	(176.1)
Desember	0.36	(-3.3)	67.9	(71.0)
Arið	3.53	(1.9)	588.3	(698.5)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1986

1.2.1. Meðalhiti júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 8.6 stig, en var 8.0 stig sömu mánuði 1986.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maf - 20. sept.

10.5.	-2.2 stig	15.8.	-0.1 stig
11.5.	-2.3 "	16.8.	-0.5 "
12.5.	-5.5 "	17.8.	-1.1 "
13.5.	-2.5 "	22.8.	-0.6 "
19.5.	-4.0 "	26.8.	-1.0 "
29.5.	-2.4 "	14.9.	-0.2 "
6.6.	-0.6 "	15.9.	-2.3 "
12.6.	-1.9 "	16.9.	-0.2 "
25.6.	-0.5 "	17.9.	-0.1 "
4.8.	-0.2 "	20.9.	-2.0 "

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20 stig.

22.5.	21.9 stig	10.7.	20.2 stig
23.5.	21.3 "	11.7.	21.0 "
24.5.	22.3 "	12.7.	21.7 "
25.5.	23.0 "	13.7.	20.7 "
26.5.	23.1 "	21.7.	20.6 "
27.5.	20.0 "	11.8.	20.4 "

Mesta frost 1987 mældist 19. mars -20.1 stig.

2. V Ö X T U R O G Þ R I F T R J A G R Ó Ð U R S.

2.1. Laufgun og lauffall.

Brum á lerki byrjaði að þrútna 6. maí og orðið algrænt 22. maí. Birki byrjaði að litkast 20. maí og að telja má allaufgað 24. maí. Þann 12. ágúst fór að sjást gulnun á birkiskógi á Vöglum og 3. sept. fór að bera á lauffalli. Birki var orðið lauflaust 29. september og lerki alveg gult 28. september.

2.2. Vöxtur.

Vöxtur var víðast hvar allgóður á trjágróðri. Tel að sama eigi við um barrtré og lauftré.

2.3. Fræfall.

Fræ var nokkuð mikið á birki og var nokkru safnað af því, af skólum og féllögum í umdæminu. Lítið bar á könglum á furu og greni, þó voru könglar á rauðgreni, en voru ekki taldir þroskaðir.

2.4. Skaðar.

Lítið bar á skaða á trjágróðri í umdæminu þetta ár. Þó bar nokkuð á snjóbroti á stafafuru í snjónum, sem féll í október, þá helst á norðurlandi vestra (Skagafirði).

3. S T A R F S F Ó L K.

Isleifur Sumarliðason lét af störfum skógarvarðar þann 1. mars og undirritaður tók við. Starfsfólk var annars að mestu leiti það sama og verið hefur undanfarin ár. Ráðskona var Karitas Jóhannesdóttir frá Reykjum. Verkstjóri á Vöglum er Guðni Þorsteinn Arnþórsson og verkstjóri í Laugabrekku er Marta Svavarsdóttir. Laun og launatengd gjöld voru á árinu 7.700.871.-. Starfsfólk var í algjöru lágmarki miðað við þau störf, sem leysa þurfti af hendi. Vil ég taka fram að starfsfólk hefur unnið mjög vel og stutt mig drengilega, þetta fyrsta ár mitt hér og er ég þakklátur því. Flest var starfsfólk um 20 manns við störf í einu í umdæminu.

4. G I R Þ I N G A R.

4.1. Viðhald.

Viðhald girðinga var mjög lítið og aðeins gert við það nauðsynlegasta. Gera þurfti við kafla í girðingu í Stórhöfðaskógi, vegna aurskriðu, sem féll á hana. Aðeins var gert við girðingu á Þórðarstöðum að sunnan og norðan. Girðing á fjalli er ónýtt og fallin. Þórðarstaðagirðing var því full af fé allt sumarið og bráðnauðsynlegt að endurgirða hana uppi á fjalli. Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 92.527.-, samtals 294 vinnustundir. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 138.964.-, samtals 440 vinnustundir. Af kostnaði við smölun var mestur kostnaður við Þórðarstaðaskóg kr. 85.036.-, samtals 257 vinnustundir. Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

Í Þórðarstaðagirðingu fóru 47 staurar 5 fet, fúavarðir, 1 rúlla af gaddavír og 1 pk. lykkjur.

Í Stórhöfðaskógargirðingu fóru 36 staurar 5 fet, 1 net 100 m. og 1 pk. lykkjur.

Í Sandhaugagirðingu fóru 30 staurar 5 fet og 1/2 pk. lykkjur.

Í Sigrfðarstaðagirðingu fóru 38 staurar 5 fet og 1/2 pk. lykkjur.

5. S K Ø G A R H Ö G G.

5.1. Viður.

Skógarhöggið fór fram í Stórhöfðaskógi og Vaglaskógi. Komu 2/3 hlutar úr Stórhöfðaskógi.

Felldur viður:

Birki	ca.	34	tonn
Lerki	"	1	"
Fura	"	0.4	"
	<u>Samtals</u>	<u>35.4</u>	<u>tonn</u>

5.1.1. Sala girðingarstaura.

Seldir voru 160 stk. af 5 feta staurum.

5.1.2. Viðarsala.

Efniviður	181 m.
Arinviður	1815 pk.
Reykingarviður	6490 kg.
Birkikurl	3500 kg.
Plattar	4322 stk.

5.1.3. Birgðir í árslok.

Staurar, 5 fet fúavarið	285 stk.
" 6 fet "	415 "
Reykingarviður	2000 kg.
Birkikurl	750 kg.
Arinviður unnið (543 pk.)	10860 kg.
" óunnið (ca. 450 pk)	9000 kg.
Plattar	1379 stk.

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2.016.

Laun og launatengd gjöld kr. 628.793.-.

5.2. Jólatrié.

Jólatrié voru felld 4/11 - 7/12 87. Alls voru felld 1.513 tré á eftirtöldum stöðum:

	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Blágreni</u>	<u>Samtals</u>
Vaglin á þelam.	7				7
Þórðarstaðir	433	34		15	482
Fellsskógur	360		190	20	570
Vaglaskógur	54	74			128
Sigríðarstaðir	148	28			176
Reykjarhóll	8	133		9	150
<u>Alls</u>	<u>1010</u>	<u>269</u>	<u>190</u>	<u>44</u>	<u>1513</u>

Auk þessa voru keyptir 30 Norðmannspínir, sem seldust allir.

Af felldum trjám seldust 1445 stk. Önnur fóru til starfsmanna og í frákest vegna galla.

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Norðm.p.</u>	<u>Samtals.</u>
70-100	85	33	5	18		141
101-125	269	85	10	80		444
126-150	317	94	15	66	15	507
151-175	217	28	4	9	15	273
176-200	68	7		6		81
201-250	6	2	1	2		11
251-300	8					8
301-400	5					5
401-500	4					4
501-600	1					1
<u>Alls</u>	<u>980</u>	<u>249</u>	<u>35</u>	<u>181</u>	<u>30</u>	<u>1475</u>

Söluferðir voru farnar til Dalvíkur, Húsavíkur og í Mývatnssveit.

Laun og launatengd gjöld vegna töku, flokkunar og sölu á trjám og greinum var kr. 438.532.-. Annar kostnaður var kr. 11.184.-.

Alls kr. 449.716.-.

Tekjur skiptust þannig:

Sú nýjung var viðhöfð að kaupa Norðmannspín og hafa hann á boðstólum í þeim söluferðum, sem farið var í og gaf það góða raun.

	<u>Sala</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mismunur</u>
Jólatré	1.049.652	29.085	1.020.567
Innfl. og ísl. greinar	182.909	126.000	56.909
Alls	<u>1.232.561</u>	<u>155.085</u>	<u>1.057.476</u>

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Fræsáning fór fram 22. og 26. maí í gróðurhúsin tvö, alls um 230 m². Sáð var birki, stafafuru og rauðgreni. Sáning tókst vel og spírun var góð. Birkiplöntuennar voru teknar upp í haust og er áætlað að dreifsetja þær vorið 1988. Sáð var lindifuru í haust í 15 m².

6.2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 1. júní og lauk 16. júní. Dreifsettar voru 55.860 plöntur, vafðar í móbönd 64.575 plöntur og stungið 36.480 græðlingum. Dreifsetning tókst mjög vel nema hvað bergfura á Vöglum virðist hafa misfarist, líklega vegna skemmda í frysti. Græðlingar rættu sig mjög misjafnlega, ösp mjög illa.

6.3. Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2.613.077.-. Sala á garðplöntum gekk mjög vel, bæði að Vöglum og Laugabrekku. Hafður var sá háttur á að flytja plöntur frá Vöglum í Laugabrekku, og gaf það góða raun, að því að ég tel. Stungið var 4.283 sumargræðlingum og pottaðar 9.256 plöntur af ýmsum tegundum. Seldar og afhentar voru 30.189 garðplöntur og til sölu eru áætlaðar 39.549 plöntur árið 1988.

6.4. Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 169.657 skógarplöntur ú gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	kr.	1.265.992.-
Millif. og styrkir	"	1.408.300.-
Afhentar skógarplöntur	"	<u>830.148.-</u>
Alls	Kr.	<u>3.504.440.-</u>

6.6. Nýframkvæmdir.

Lokið var við lengingu á síðasta stóra gróðurhúsinu. Sett var á það báruplast og lokið við stífur og langbönd. Annað var ekki unnið við nýframkvæmdir.

6.8. Kostnaður.

Sáning	Kr.	118.106	404	vinnust.
Dreifsetning	"	152.034	501	"
Upptaka/meðferð skógpl.	"	581.352	2006	"
Móbandsplöntur	"	168.063	572	"
Fjölpottaplöntur	"	28.054	96	"
Stiklingar útiræktun	"	199.243	619	"
Garðplöntur beðplöntur	"	592.874	1833	"
" pottaplöntur	"	511.699	1745	"
Sala garðplantna	"	282.362	916	"
Frídagsvaktir	"	34.755	89	"
Vetrararbúnaður	"	94.831	300	"
Ræktunararbúnaður	"	171.249	581	"
Alls	Kr.	2.934.622	9662	vinnust.

7. GRÓÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>F.jöldi</u>
Reykjahóll	Birki	2/3	Vaglir		400
"	Ösp	0/3			60
"	Alaskavíðir	0/2			240
"	Blágreini	2/4	San Isabel	C-051	890
"	Stafafura	1/2			2000
"	"	2/2	Bennet Lake	C-062	2710
"	Rússalerki		Jönsb/MoDo		2630
"	"	1/1	Arkangelsk	C-143	2000
"	Rauðgreini	2/3	Ringsaker	B-761	96
"	Svartgreini	2/3	Bon. Creek	C-120	30
					<u>11056</u>
Ólfsstaðir	Rússalerki		Jönsb/MoDo		<u>1000</u>
Vaglir Delam.	Fjallapínur	2/4	Skagway	C-051	1500
"	Rauðgreini	2/3	Ringsaker	B-761	8140
"	Rússalerki	1/2	Arkangelsk	C-163	4950
"	S.bast	1/0	Kenai Area	C-145	7600
					<u>22190</u>
Skuggabjörg	Rússalerki	1/1	Arkangelsk	C-143	1025
"	"	1/1	Bjørkebo	C-148	4725
					<u>5750</u>
Sigr.st.skógur	Blágreini	2/5	Highw.Sum.	B-825	360
"	"	2/4	San Isabel	C-051	1330
"	Rauðgreini	2/3	Ringsaker	B-761	2000
					<u>3690</u>
Vaglaskógur	Birki	2/0	Hrafnsgerði	C-077	770
"	Blágreini	2/5	Highw. Sum.	B-825	200
"	"	2/4	San Isabel	C-051	200
"	Fjallapínur	2/4	Skagway	C-051	850
"	Lindifura	2/4	Altai	C-034	170
"	Svartgreini	2/3	Bon. Creek	C-120	780
					<u>2970</u>
				<u>Alls</u>	<u>46.656</u>

Gróðursetning hófst 24. júní og var unnið við hana með hléum vegna manneklu til 23. júlí. Síðan var nokkuð gróðursett í ágúst og í byrjun september í Sigríðarstaðaskógi og Skuggabjörgum. Laun og launatengd gjöld voru kr. 274.034.-, 956 vinnustundir.

Nytjaskógrækt hjá bændum.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Fjöldi</u>
Laugaból	Rússalerki	1/1	Björkebo	C-148	<u>4900</u>
Laugafell	Rússalerki	1/1	Björkebo	C-148	<u>4000</u>
Breiðamýri	Rússalerki	1/1	Björkebo	C-148	<u>5000</u>
Breiðanes	Hvítgreni	2/3	Big Delta	A-000	150
"	Rauðgreni	2/3	Ringsaker	B-761	200
"	Rússalerki	1/1	Björkebo	C-148	<u>1600</u>
					<u>1950</u>
				<u>Alls</u>	<u>15.850</u>

Gróðursetning fór fram í júní og í september.

Verðmæti plantna kr. 316.300.--. Bændur fengu plöntur endurgjalds-
laust en sáu um gróðursetningu sjálfir.

8. HIRÐING PLANTNA.

I Fellsskógi vann Friðgeir Jónsson við umhirðu plantna, svipað og
verið hefur. 229 vinnustundir, kr. 80.830.--.

I Vaglaskógi var grisjað frá rauðgreni, hvítgreni og fjallapín.
173 vinnustundir, kr. 53.947.--.

I Sigríðarstaðaskógi var grisjað frá rauðgreni og það klippt til.
232 vinnustundir, kr. 65.550.--.

9. BYGGINGAR.

Byggingar voru engar á árinu nema eins og áður var greint frá, var
lokið við gróðurhús.

10. VÉLAR OG VERKFERI.

Viðhald á vélum var eins og gengur og gerist nema á vörubifreið,
sem þurfti töluvert viðhald, aðallega á spindlum, bremsum o.fl.
Rekstrarkostnaður var því töluverður á vörubifreið þetta ár,
alls kr. 738.646.--.

12. Y M I S L E G T.

12.1. Ferðalög og fundarhöld.

Eins og komið hefur fram áður í þessari skýrslu, tók ég við starfi skógarvarðar á norðurlandi þann 1. mars og byrjaði ég á því að sitja starfsmannafund, sem haldinn var 17. - 20. mars og skógræktarþing, sem haldið var 21. mars. Fór síðan norður í Vagli með Sigurði Blöndal til að taka við starfinu formlega þann 26. mars.

Fór með Snorra Sigurðssyni, fagmálastjóra um umdæmið og komum við við hjá skógræktarfélagum og í löndum Skógræktar ríkisins í Húnavatnssýslum, Skagafirði og Eyjafirði. Þessi ferð var farin 27. apríl - 2. maí.

Fór á aðalfund Skógræktarfélags S-Þingeyinga, sem haldinn var þann 6. maí.

Ýmsir starfsmenn Skógræktar ríkisins komu í umdæmið vegna ýmissa verkefna, sem ég tilgreini ekki hér, en þó vil ég minnst á að Sigurður Blöndal og Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneyttisstjóri, komu hér dagana 9. - 10. júlí og skoðuðu skóglendi í Eyjafirði og S-Þingeyjarsýslu.

Dagana 15. - 18. sept. komu Sigurður Blöndal og Arnór Snorrason og fórum við víða um, m.a. í Reykjahól, Hóla, Asbyrgi o.fl. staði. Þeir sátu síðan fund með nytjaskóganefnd, sem haldinn var að Vöglum 17. september.

12.2. Ferðafólk.

Ferðafólk var nokkuð mikið í Vaglaskógi, mest þó um Hvítasunnu og verslunarmannahelgi. Tekjur af úttivistarsvæði voru kr. 493.530.-. Laun og launatengd gjöld voru kr. 228.843.- og annar kostnaður kr. 67.288.-. Brýnt er að endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn í Vaglaskógi, þá sérstaklega snyrtiaðstöðuna.

Vöglum, 4. mars 1988